



FRÉTTABRÉF TIL FORRÁÐAMANNA Í GLERÁRSKÓLA

Glerárskóli, 7. apríl 2015

8. tbl. 4. árg.

Apríl 2015

Góðan daginn

Nú er apríl genginn í garð og sólin hefur aldeilis hækkað á lofti.

Í Glerárskóla er árshátíðin að baki og tókst hún afskaplega vel. Nemendur fóru á kostum og var öll umgjörð og skipulag til mikillar eftirbreytni. Við viljum þakka forráðamönnum fyrir alla aðstoð og einnig fyrir að koma á sýningar nemenda þessa daga. Frábær árshátíð sem við getum verið stolt af.

Páskafrí er einnig búið og við tekur ferskur vormánuður með hressleika og kæti. Líf og fjör verður í skólalífinu þetta vorið og mikill lærdómur sem bíður nemenda.

Skólasýnin okkar HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI leiðir starfið og á vormánuðum leggjum við áherslu á útiveru og heilbrigt líferni. Með ábyrgri þátttöku nemenda, forráðamanna og starfsfólks verður námið blómlegt og fjölbreytilegt.

Vindum okkur í fréttir og fróðleik.

Næsta fréttabréf kemur út í byrjun maí en þangað til minnum við á að skóladagatalið má finna á heimasíðunni okkar. Við bendum jafnframt á að í vinnslu er ný heimasíða og því er sú gamla eingöngu uppfærð með nauðsynlegustu þáttum skólastarfsins.

Allar nánari upplýsingar má fá í skólanum í síma: 461-2666.

Kveðja, stjórnendur Glerárskóla

Eyrún, Elín og Helga

Til íhugunar:

- Sól
- Vor
- Kraftur
- Árangur



Efnisyfirlit:

Apríl 2015	1
Ábendingar - nesti	2
Hringingar	2
Dagur í Hlíðarfjalli	2
Starfsmannamál	3
Á döfinni í apríl	3
Jógakennsla	3
Skólastefna Akureyrar	4

Gleðilegt sumar!





Ábending til forráðamanna - nesti

Nokkuð hefur borið á því að nemendur fari inn í sundlaug í nestistíma og vilji kaupa sér drykkjarföng. Ekki er gert ráð fyrir þessari þjónustu hér í skólanum og biðjum við forráðamenn um að láta börnin koma með að heiman það nesti sem þeir vilja snæða og drekka í skólanum.

Hringingar nemenda og hringingar í nemendur

Við viljum góðfúslega benda forráðamönnum á að ef nemendur vilja leika saman eftir skóla skal ákveða það með fyrirvara. Ekki er hægt að leyfa öllum að koma og hringja heim að skóla loknum til að athuga hvort leika megji saman eftir að skólatíma líkur. Nemendur verða því að fara heim að loknum skóladegi og gera ráðstafanir þaðan.

Af gefnu tilefni viljum við einnig benda forráðamönnum á að hringja ekki í börnin sín á skólatíma í gsm síma þeirra. Skólareglur kveða á um að nemendur skuli ekki nota síma sína til hringinga á skólatíma og því er afar bagalegt ef forráðamenn hringja í símana. Ef ná þarf í nemendur er hægt að hringja í ritara og athuga hvort nemandi getur komið í símann.

Dagur í Hlíðarfjalli

Nemendur Glerárskóla áttu frábæran dag í Hlíðarfjalli í lok mars. Farið var að morgni og komið um hádegisbil til baka. Veðrið lék við okkur og allir skemmtu sér vel. Nemendur stóðu sig líka afar vel og eiga hrós skilið fyrir það.

Spakmæli

**„Stundum eru mennirnir
svo önnur kafnir við að
frelsa heiminn, að þeir
gleyma að sýna hver
öðrum kærleika.**

Olfert Ricard

Starfsmannamál

Af ýmsum ástæðum hafa orðið starfsmannabreytingar að undanfögnu í Glerárskóla. Þær helstu eru þessar:

Sigrún Ásdís verður í veikindaleyfi út skólaárið og í hennar stöðu kom Elías Ingi Björgvinsson.

Rakel námsráðgjafi eignaðist dóttur í lok mars og er því í fæðingarorlofi. Við hennar stöðu tók Jóhann Þorsteinsson.

Guðríður Sigurðardóttir er í veikindaleyfi og í stað hennar kemur Sigurður Hafberg.

Kári íþróttakennari er í leyfi og í hans stað kom Páll Gíslason sem tekur síðan við stöðu Hrefnu íþróttakennara þegar hún fer í fæðingarorlof.

Spakmæli

„ Gjör ekki það sem þú

vilt að enginn viti.”

Kínverskt spakmæli

Á döfinni í apríl 2015:

17. apríl: Fiðlan og fótstigið - 3. og 4. bekkur

23. apríl: Sumardagurinn fyrsti (frí í skóla)

1. maí: Frídagur verkamanna (frí í skóla)

Jógakennsla

Í apríl og maí klárast seinni hluti jógakennslu í 1. - 4. bekk. Nemendur fá einn tíma á viku í fjögur skipti frá og með 7. apríl og þökkum við jógakennurunum fyrir afar skemmtilega kennslu og notalega samveru.

Lærdómssamfélag grunnskóla Akureyrar

„ Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.”

Sumardagurinn fyrsti er frídagur og þetta árið kemur hann upp á fimmtudeginum 23. apríl n.k. - Gleðilegt sumar !



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Skólastefna Glerárskóla - Skólastefna Akureyrarbæjar

Í skólastefnu Akureyrarbæjar eru viðmið um gæði skólastarfs þar sem fram koma markmið og leiðir að þeim. Þar segir meðal annars um **náms -og starfsumhverfi**:

Markmið: Við skóla Akureyrarbæjar sé vistlegt og vel skipulagt umhverfi og aðstaða sem stuðlar að námsáhuga, sköpunargleði, hreyfingu og árangri.

Í góðum skóla...

- *er starfsumhverfi hvetjandi, öruggt, hlýlegt og þægilegt*
- *er skólalóð vel skipulögð og vel búin*
- *er öllum nemendum tryggt fullnægjandi aðgengi að húsnæði skólans*
- *er umhverfi nemenda skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í leik og starfi*
- *eru aðstæður miðaðar við þarfir, þroska og hæfileika nemenda*
- *eru notuð fjölbreytt námsgögn*
- *er áhersla lögð á fjölþætta hreyfingu og hreyfiþörf nemenda mætt í leik og starfi*
- *fá nemendur að kynnast náttúrunni af eigin raun með því að kanna, njóta, skoða og gera tilraunir*

Eins og áður hefur komið fram eru einkunnarorð Glerárskóla HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI og allt starf skólans skipulagt út frá þeirri stefnu. Skólinn býr að afar vandaðri skólalóð sem teygir anga sína yfir Melgerðisásinn og yfir í Kvenfélagsreitinn við Skarðshlíð. Lóðin er mjög vel búin og fjölbreytt auk þess sem verið er að byggja upp útikennslusvæði í Kvenfélagsreitnum og við Árholt. Úti -og grenndar-kennsla er áherslupáttur í skólastarfinu og fá nemendur tækifæri til að kynnast nánasta umhverfi auk þess sem í kennslunni er leitað út í Krossanesborgir, niður í Sílabás og suður í Glerárgil, svo eitthvað sé nefnt. Einnig eru farnar árlegar ferðir í næsta nágrenni og má þar nefna gönguferðir á Súlur, Vaðlaheiði, að Hraunsvatni og ferðir í Kjarnaskóg. Í skólanum er til mikið af námsgögnum sem nýtast nemendum í leik og starfi auk þess sem hreyfingu er haldið í öndvegi. Má í því samhengi minnst á námsgrein skólans - Hreyfing og heilsa - sem er einsdæmi í skólum Akureyrar.

Enn og aftur, frábær skólinn okkar.